



Fundur velferðar- og fræðslunefndar

30. fundur velferðar- og fræðslunefndar Langesbyggðar, haldinn á skrifstofu Langesbyggðar að Langesvegi 2, **mánudaginn 6. október 2025 kl. 14:30.**

Mætt voru: Sigríður Friðný Halldórsdóttir, Þórarinn Þórisson, Jóhann Hafberg Jónasson, Árni Bragi Njálsson og Hulda Kristín Baldursdóttir. Björn S. Lárusson og Sigríður formaður ritaði fundargerð.

Áheyrnarfulltrúar fræðslumála: Hilma Steinarsdóttir skólastjóri Grunnskólans á Þórshöfn, Halldóra J. Friðbergisdóttir leikskólastjóri Barnabóls, Jóhanna Ósk Guðmundsdóttir fyrir foreldrafélag leikskólans, Magdalena Zawodna fyrir kennara grunnskólans, Almar Marinósson fyrir foreldrafélag grunnskólans.

Formaður spurði hvort athugasemdir væru við fundarboð, svo var ekki og var gengið til dagskrár.

Fundargerð

Fræðslumál:

- 1. Boð um þátttöku í stefnumóti og samtali fagaðila um framtíðarsýn og áherslur í barnamenningu á Akranesi 13.11.2025**
Boðið lagt fram.
- 2. Námsleyfasjóður opinn fyrir umsóknir**
Umsóknarfrestur er til 14. október.
Til upplýsinga
- 3. Aðalskoðun leiksvæða - samningur frá júní 2023**
Samið var um aðalskoðun leiksvæða 1 sinni á ári frá 2023-2025. Skoðunin í ár ætti því að vera síðasta skoðun innan þessa samnings.

Bókun um afgreiðslu: Samningurinn rennur út í ár. Skoða þarf þörf fyrir skoðun næsta ár vegna framkvæmda á lóðum.

Samþykkt

- 4. Atvinnustefna Langesbyggðar 2025-2030 ásamt aðgerðaráætlun.**



Sveitarstjórn hefur óskað eftir álit, athugasemdum og umsögnunm frá öllum nefndum um atvinnustefnuna.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin tekur undir þau markmið sem sett eru fram í atvinnustefnunni og hefur engar athugasemdir.

Samþykkt ...

5. Grunnskóladagatal 2025-2026 - breytingar.

Lagt fram skóladagata Grunnskólans með breytingum þar sem starfsdagar voru færðir til.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin samþykkir framlagðar breytingar á skóladagatali Grunnskólans á Þórshöfn.

Samþykkt..

6. Leikskóladagatal 2025-2026 – breytingar

Lagt fram dagatal Leikskólans Barnaból með breytingum þar sem starfsdagur var færður til.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin samþykkir framlagðar breytingar á skóladagatali Leikskólans Barnabóls.

Samþykkt..

7. Fjárfestingar- og viðhald grunnskólans 2026 – umræður

Rætt um fjárfestinga- og viðhaldspörf grunnskólans fyrir næsta ár. Verður rætt betur þegar fjárhagsáætlun verður tekin fyrir.

8. Fjárfestingar- og viðhald leikskólans 2026 – umræður

Rætt um fjárfestinga- og viðhaldspörf leikskóla fyrir næsta ár. Verður rætt betur þegar fjárhagsáætlun verður tekin fyrir.

9. Innra mat grunnskólans skýrsla 2024-2025

Skólastjóri fer yfir innra mats skýrslu Grunnskólans á Þórshöfn frá 2024-2025 ásamt langtímaáætlun 2024-2028.

Áherslur innra mats 2025-2026 eru að vinna með þætti í umbótaáætlun, skoða samstarf leik- og grunnskóla í samvinnu við leikskóla og vekja athygli á hlutverki tengiliðar og lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

10. Langtímaáætlun um innra mat leikskólans áætlun 2024-2028

Leikskólastjóri fer yfir langtímaáætlun innra mats ásamt matsáætlun.

Matsþættir sem verður sérstaklega unnið með 2025-2026 eru tengiliðir farsældar, samfella milli skólastiga, kennsluþættir og gæði, lýðræðisleg vinnubrögð og þátttaka nemenda, velferð og líðan nemenda og stjórnun og skipulag.

11. Skýrsla skólastjóra Grunnskólans á Þórshöfn

Almennt gengur vel með nýtt fyrirkomulag kennslu varðandi ný húsnæði. Búið er að fjárfesta í Chromebook bekkjasettum fyrir nemendur á yngsta og miðstigi. Unnið verður að því næstu ár að fjárfesta í chrombook fyrir alla nemendur á elsta stigi en til stendur að þær komi í stað iPad-anna. 7-10 bekkur fór á grunnskólamót á Laugum á föstudaginn. 9-10 bekkur fer í



framhaldsskólaheimsókn á miðvikudaginn til Akureyrar. 5-7. Bekkur fór á Seyðisfjörð og tók þátt í verkefninu List fyrir alla. Foreldra og nemendasamtöl eru í gangi. Nokkrir nemendur frá hverju stigi grunnskólans fara einu sinni í mánuði á Naust í heimsókn.

12. Skýrsla leikskólastjóra Leikskólans Barnabóls

Framkvæmdir eru hafnar við fyrsta áfanga nýrrar leikskólalóðar og erum við himinsæl með það. Ef veðrið verður okkur hliðstætt er áætlað að verklok verði um miðjan nóvember. Við höfum verið dugleg að nýta góða veðrið að undanfögnu í vettvangsferðir og útikennslu. Við vorum einnig með áherslu á vinnu með tilfinningalæsi í september og eru eldri deildin með tilfinninga kvarða upp á vegg þar sem þau geta staðsett sig. Við enduðum svo september á rugludegi þar sem öllu var snúið á hvolf við mikla gleði barnanna. Foreldrasamtöl hefjast hjá okkur í næstu viku. Einu sinni í mánuði fara elstu börnin í heimsókn á Naust í kaffitímanum.

13. Önnur mál

Rætt um íbúafund vegna húsnæðismála grunnskólans en sveitarstjóri upplýsir nefndina um að stefnt sé að fundi eftir miðjan október.

Velferðarmál:

14. Samþykktir um úthlutun íbúða fyrir aldraða og öryrkja – breytingar á samþykktum

Tillaga um breytingar á samþykktum um úthlutun íbúða aldraða og öryrkja.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin felur sveitarstjóra og formanni nefndarinnar að uppfæra samþykktir samkvæmt umræðum á fundi og leggja fyrir sveitarstjórn.

Samþykkt ...

15. Úthlutuna leiguíbúða – nýtt umsóknareyðublað

Lögð fram tillaga að nýju umsóknareyðublaði fyrir leiguíbúður aldraða og öryrkja til að einfalda umsóknarferlið fyrir umsækjendur og stjórnsýsluna.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin samþykkir nýtt umsóknareyðublað og felur sveitarstjóra að gera það aðgengilegt á heimasíðu sveitarfélagsins.

16. Styrkir úr þróunarsjóði innflytjenda

Félags- og húsnæðismálaráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki úr þróunarsjóði innflytjenda. Umsóknarfrestur er til 19. október.

Til kynningar

Önnur mál

Fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 16:55.X